

## Aukafundur í skólaráði Varmárskóla

Mætt eru: Hulda, Gróa, Alda, Árni, Þórunna, Jóna Dís og Þórhildur

1. Fjárhagsáætlun 2011 – uppgjör ársins lagt fyrir, áætlunin stóðst og náði skólinn að endurnýja tækjakost að einhverju leiti.
2. Fjárhagsáætlun 2012 – farið yfir áætlunina. Lækkun um 2% frá fyrra ári. Skólastýrur telja að rekstrarár verði erfiðara.
3. Farið yfir niðurstöður samræmdra prófa. 4.bekkur kom ekki vel út. Umbótaáætlun er í gangi sem umsjónarkennarara, sérkennslustjóri, deildarstjóri og skólastjóri koma að. Margir nemendur í árganginum er illa staddir í lestri og almennri þekkingu. Mörg vita ekki hvað afi og amman heita t.a.m. Umsjónarkennarar leggja áherslu á lestur og stærðfræði hjá þessum árgangi. Hulda hjá foreldrafélaginu spurði um afstöðu skólans til þess að nemendur mættu koma með að heiman fartölvur, spjaldtölvur og annan hjálparbúnað vegna námsörðugleika. Fulltrúar skólans fagna því að nemendur komi með tæki sem þessi í skólann og skólinn getur aðstoðað foreldra að fá flest allar námsbækur í tölvutæku formi.
4. Bréf með dagsetningum samræmdra prófa 2012 var lagt fram á fundinum. Samræmd könnunarpróf verða haldin vikuna 17. – 21.september. 10.bekkur: íslenska (17.09), enska (18.09), stærðfræði (19.09). 4. og 7.bekkur íslenska (20.09) og stærðfræði (21.09).
5. Farið var yfir hugmyndir vegna 50 ára afmæli Varmárskóla. Jóna Dís er verkefnisstjóri afmælishátíðarinnar. Hugmynd kom fram á fundinum að setja upp facebook síðu meðal eldri nemenda skólans og þar væri kallað eftir myndum og öðrum gögnum.
6. Önnur mál
  - a. Umræða um hafragraut í boði skólans. Á fræðslunefndarfundum kom upp sú hugmynd að skólar byðu uppá hafragraut frítt til að koma til móts við illa staddir fjölskyldur og börn sem ekki borða morgunmat áður en komið er í skólann. Skoða þarf þetta mál veg og þá sérstaklega í ljósi hvernig best væri að framkvæma þetta. Varmárskóli er með skólabíla og taka þarf tillit til þess. Á að flýta för bílanna svo allir eigi kost á hafragraut?
  - b. Viðhald skólans í eldri deild. Klæða á skólann, viðgerðir eru farnar af stað.
  - c. Foreldrakönnun verður send foreldrum í tölvupósti. Foreldrar beðnir að svara könnuninni eins oft og börnin eru mörg sem eru í skólanum. Skólaráði send könnunin til yfirlestrar og gefinn kostur á að koma með athugasemdir.
  - d. Námsmat. Hulda spurði af hverju einkunnir í eldri deild eru ekki prentaðar út. Nefndi að sjónarmið hafa komið upp í foreldrahópnum að fá nemendur ekki formlegt blað þá sé búið að taka upplifun barna af þessum skilum. Foreldrafélagið hefur fengið kvartanir um þetta. Skólastjóri og Jóna Dís nefndu að rafræn skil einkunnna sé framtíðin og framhaldsskólar hafi t.a.m þennan háttinn á. Skólinn mun skoða þetta mál út frá því sem fram kemur í foreldraviðtölum
  - e. Foreldrafélagið hefur sent skólaskrifstofu beiðni um að gamli skólabíllinn verði tekinn úr notkun á næsta skólaári. Foreldrar telja að öryggi sé ábótavant í bílnum og ekki eru sæti fyrir alla. Foreldrafélagið vill einnig láta bæta lýsingu barna á leið í skólann.
  - f. Þórhildur nefndi að vegna framkvæmda við eldri deild þá verður óhjákvæmilega þrengt að umhverfinu og því mikilvægt að foreldrar séu ekki að keyra börnin að dyrum með því að keyra inn á stæðin. Starfsmenn þurfa að komast til vinnu á öruggan hátt.

Fundi slitið  
Þórunna Rósa Ólafsdóttir  
Skólastýra ritaði fundargerð.